

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Surtsey.

#### 1. gr.

Frá og með 21. mars 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu og dragnót óheimilar á svæði vestur af Surtsey, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°14'00 N - 20°40'00 V
2. 63°10'00 N - 20°40'00 V
3. 63°10'00 N - 21°00'00 V
4. 63°16'50 N - 21°35'00 V
5. 63°19'00 N - 21°51'00 V
6. 63°24'00 N - 21°51'00 V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. mars 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

---

*Þorsteinn Geirsson.*